



United Nations
Educational, Scientific and
Cultural Organization



Vigdís International Centre
under the auspices of UNESCO

Ársskýrsla 2020

Vigdísarstofnun



EFNISYFIRLIT

Ávarp	3
Vigdísarstofnun	5
Stjórnir og starfsmenn	9
Samstarf	11
Afmælishátíðir	13
Rannsóknir, samstarfsnet og þróunarverkefni	16
Útgáfa fræðirita	20
Viðburðir	23
Sýningahald	28
Vigdísarverðlaun	30
Þakkir	32

ÁVARP

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum hóf starfsemi undir nýju nafni sínu í október 2001 og árið 2020 var því nítjándi starfsári hennar.

Vigdísarstofnun – Alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar hóf störf sumardaginn fyrsta 2017 þegar Veröld – hús Vigdísar var formlega tekin í notkun. Miðstöðin starfar innan vébanda Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og undir merkjum UNESCO.

Starfsemi Vigdísarstofnunar var með óvenjulegu sniði árið 2020 vegna heimsfaraldursins. Ráðstefnum var frestað og viðburðir féllu niður frá miðjum marsmánuði. Starfsmenn og stjórnir unnu að því að efla starfsemina, ekki síst með áherslu á þátttöku Vigdísarstofnunar í skipulagningu Alþjóðlegs áratugar frumbyggjamála (IDIL 2022-2032) sem lýst var yfir hjá UNESCO í lok árs 2020. Forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur situr í stýrinednd verkefnisins. Unnið var hörðum höndum að gerð tungumálasýningarinnar *Mál í mótun* sem sett verður upp í sýningarsal Veraldar í samstarfi við hönnunarstofuna Gagarín og lokið var við gerð sýningar um störf Vigdísar Finnbogadóttur í Vigdísarstofu. Að lokum má nefna útgáfu Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur sem gaf út 12. tölublað tímaritsins *Milli mála* í lok árs, þýðingar á fagurbókmenntum og afmælisrit til heiðurs Auði Hauksdóttur sem lét af störfum í apríl.

Viðburðir og verkefni voru unnin undir merkjum Vigdísarstofnunar í samstarfi Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og Alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar, og einnig í samvinnu við innlendar og erlendar stofnanir.

Við þökkum stjórnnum, starfsfólki, bakhjörllum, samstarfsaðilum og öllum velunnurum fyrir ómetanlegan stuðning við Vigdísarstofnun á liðnu starfsári.

Birna Arnbjörnsdóttir, forstöðumaður og formaður stjórnar Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur

Ásdís R. Magnúsdóttir, formaður stjórnar Alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar



VIGDÍ SARSTOFNUN

Vigdísarstofnun er yfirheiti yfir Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, sem er rannsóknastofnun innan Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands, og Alþjóðlega miðstöð tungumála og menningar, sem starfar innan vébanda Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur og undir merkjum UNESCO.

Vigdísarstofnun leggur áherslu á fjölmennningarleg viðhorf og þekkingu á öðrum þjóðum og tungumálum og að fjöltyngi feli í sér persónulegan, menningarlegan og efnahagslegan ávinning. Hnattvæðing kallar á þvermenningarlega færni sem tekur mið af fjölbreyttum samskiptum á öllum sviðum mannlífs. Nýjum áskorunum sem samfélög, stofnanir, fyrirtæki og einstaklingar standa frammi fyrir á alþjóðavettvangi verður ekki mætt nema með góðri samskiptafærni þvert á menningarheima.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru höfð að leiðarljósi í stefnumótun og starfi Vigdísarstofnunar. Stofnunin vinnur einkum að markmiði nr. 16 um frið og réttlæti og nr. 4 um menntun fyrir alla, með því að stuðla að fjöltyngi, þýðingarstarfsemi, fjölmennningarlegum samskiptum og virðingu milli menningarhópa og halda á lofti rannsóknum á erlendum tungumálum í gegnum almenningsfræðslu, endurmenntun kennara og móttöku skólahópa. Einnig eru jafnréttis- og umhverfissjónarmið sífellt höfð að leiðarljósi í starfsemi Vigdísarstofnunar.

STOFNUN VIGDÍÐSAR FINNBOGADÓTTUR Í ERLENDUM TUNGUMÁLUM

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum er ein aðildarstofnana Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands og rannsóknaveitvangur kennara í Mála- og menningardeild sem stunda rannsóknir og kennslu í tengslum við þau tungumál sem nú eru kennd við deildina: arabísku, dönsku, ensku, frönsku, grísku, hindí, ítölsku, japönsku, kínversku, latínu, rússnesku, spænsku, sænsku og þýsku.

Rannsóknir stofnunarinnar snúast um erlend tungumál og menningu frá ýmsum sjónarhornum en helstu rannsóknasviðin eru:

- Málvísindi, m.a. samanburðarmálvísindi, sambýli tungumála, máltileinkun, annarsmálsfræði og orðabókarfræði.
- Bókmenntir, m.a. bókmenntir einstakra þjóða og málsvæða auk innflytjendabókmennta.
- Menning og tungumál tiltekinna málsvæða, tungumálatengsl og samanburður á menningu og tungumálum í sögu og samtíð.
- Samskipti á erlendum málum og notagildi þeirra m.a. í menntun, menningu og atvinnulífi.
- Þróun kennslufræði og kennslugagna og notkun nýrrar tækni í tungumálanámi og -kennslu.
- Bókmennta- og nytjaþýðingar.

Markmið stofnunarinnar er að styðja við og efla rannsóknir og kennslu í tungumálum og menningu. Í rannsóknastarfi er haft að leiðarljósi að auka skilning á eðli fjöltyngis og gildi tungumálakunnáttu og menningar á öllum sviðum. Stofnunin miðlar upplýsingum um nýja þekkingu á eðli tungumálanáms og nýjunga í kennslu erlendra mála á öllum skólastigum.

Auk rannsókna stuðlar stofnunin að upplýstri umræðu í þjóðfélaginu um fjöltyngi, bókmenntir og menningu, tungumálanám og -kennslu, þýðingar og menningarlæsi. Þetta hlutverk rækir stofnunin með fyrirlestra- og ráðstefnuhaldi í samstarfi við Alþjóðlega miðstöð tungumála og menningar, útgáfu fræðiritna og þróun námsefnis og annarra gagna sem geta auðveldað samskipti í fjöltyngdum heimi. Rík áhersla er á að hagnýta máltækni í þágu tungumálanáms og tungumálarannsókna, m.a. með þróun nettengdra námskeiða, námsgagna og veforðabóka. Stofnunin heldur úti öflugri fræðilegri umræðu m.a. með fyrirlestraröðum og útgáfu vefritsins *Milli mála – Tímarit um erlend tungumál og menningu*. Fræðimenn innan stofnunarinnar taka þátt í fjölmörgum þróunar- og rannsóknaverkefnum á fræðasviði sínu í samstarfi við íslenska og erlenda fræðimenn og háskólastofnanir.

ALÞJÓÐLEG MIÐSTÖÐ TUNGUMÁLA OG MENNINGAR

Alþjóðleg miðstöð tungumála og menningar hóf störf sumardaginn fyrsta 2017 þegar Veröld – hús Vigdísar var formlega tekin í notkun. Miðstöðin stendur fyrir ráðstefnum, málþingum, fyrirlestrum, rannsóknum, kvikmyndasýningum, námskeiðum, fundum, sýningum og fræðslu um tungumál í víðu samhengi, sem þjóna þeim markmiðum sem koma fram í samstarfssamningi Ríkisstjórnar Íslands og UNESCO frá 2013. Helstu markmiðin eru að:

- stuðla að fjöltyngi til að auka skilning, samskipti og virðingu milli menningarheima og þjóða;
- auka vitund um mikilvægi tungumála sem grunnþáttar í menningararfleifð mannkyns;
- stuðla að þýðingum og þýðingarannsóknum og athugunum og greiningu á þýðingaflæði;
- vinna að varðveislu tungumála og vöktun á málstefnu og málstýringu á sviði tungumála með fjöltyngi að leiðarljósi;
- stuðla að rannsóknum og menntun í erlendum tungumálum og menningu;
- styðja við og stuðla að rannsóknum á móðurmálum sem hluta af almennum mannréttindum.

Helstu áherslur í starfi Vigdísarstofnunar fyrsta áratug starfseminnar eru eftirfarandi:

- Vistfræði tungumála á Vestur-Norðurlöndum, þ.e. sambýli tungumála og tengsl tungumála og menningar á vesturströnd Noregs, í Færeyjum, á Íslandi og Grænlandi.
- Frumbyggjatungumál, fámennismál og lítil málsvæði, í tengslum við Alþjóðlegt ár frumbyggjatungumála 2019 og Alþjóðlegan áratug frumbyggjatungumála 2022-2032 (IDIL 2022-2032) í samvinnu við UNESCO.
- Bókmenntir, tungumál og menning Rómafólks víða um heim, í tengslum við rannsóknarnetið Roma in the Centre.
- Tungumálasýningin Mál í mótun sem opnar árið 2021, þar sem gestum gefst kostur á að kanna ýmis tungumál heimsins og fræðast um lífshlaup þeirra.



Meðlimir og starfsfólk Vigdísarstofnunar

STJÓRNIR OG STARFSMENN

Stjórn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumál árið 2020 skipuðu Birna Arnbjörnsdóttir prófessor í annarsmálsfræðum, sem var formaður, Ásdís Rósa Magnúsdóttir prófessor í frönsku, Geir Þórarinn Þórarinsson aðjunkt í grísku og latínu, Oddný G. Sverrisdóttir prófessor í þýsku og Guðmundur S. Brynjólfsson, fulltrúi doktorsnema. Varamenn í stjórn voru Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor í spænsku, og Gísli Magnússon, prófessor í dönsku. Stjórnin kom saman fjórum sinnum á árinu.

Ritnefnd stofnunarinnar skipuðu þær Ásdís Rósa Magnúsdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir og Kristín Guðrún Jónsdóttir, en Geir Þórarinn Þórarinsson og Þórhildur Oddsdóttir voru ritstjórar veftímarits Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, *Milli mála*.

Stjórn Alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar árið 2020 skipuðu Ásdís Rósa Magnúsdóttir prófessor í frönsku, sem var formaður, Ann-Sofie Nielsen Gremaud, lektor í dönsku, Geir Sigurðsson, prófessor í kínverskum fræðum, Guðrún Kvaran, prófessor emeritus í íslensku, fulltrúi ríkisstjórnar tilnefnd af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, Irmgarda Kasinskaite, kerfisfræðingur á miðlunar- og upplýsingasviði UNESCO, fulltrúi aðalframkvæmdastjóra UNESCO og Sæunn Stefánsdóttir, fulltrúi íslensku UNESCO-nefndarinnar. Samkvæmt samningi sem gerður var við UNESCO fylgir framkvæmdanefnd eftir stefnumótun og málefnum miðstöðvarinnar fyrir hönd stjórnarinnar. Í framkvæmdanefnd sitja allir stjórnarmenn utan fulltrúa UNESCO og íslensku UNESCO-nefndarinnar. Stjórn miðstöðvarinnar kom saman á aðalfundi þann 9. september árið 2020 auk þess sem framkvæmdanefnd kom einu sinni saman á árinu.

Árið 2020 voru 35 fræðimenn meðlimir í Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum. Starfsmenn Vigdísarstofnunar voru Halldóra Jóhanna Þorláksdóttir kynningarstjóri og Valgerður Jónasdóttir viðburðastjóri.




Stjórn Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum



Stjórn Alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar

SAMSTARF

Vigdísarstofnun á í nánu samstarfi við fjölmargar stofnanir, samtök og fyrirtæki, bæði á Íslandi og á alþjóðavettvangi. Má þar nefna Linguapax, European Language Resources Association (ELRA), Common Language Resource and Technology Infrastructure (CLARIN), Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Reykjavíkurborg, Borgarbókasafnið, Miðstöð íslenskra bókmennta, Bókmenntahátíð Reykjavíkur, bókaforlög, STÍL–Samtök tungumálakennara á Íslandi, Samtökin Women Political Leaders (WPL), Foundation for Endangered Languages (FEL), InfoTerm, Modelling the Linguistic Consequences of Digital Language Contact (MoLiCoDiLaCo), Norræna húsið, Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands, Konfúsíusarstofnunina Norðurljós, Samtökin Móðurmál, Bandalag þýðenda og túlka, The Gypsy Lore Society, andrúm arkitektar, Gagarín, Sendiráð Bandaríkjanna, Danmerkur, Frakklands, Indlands, Ítalíu, Japans, Kanada, Kína, Póllands, Rússlands, Svíþjóðar og Þýskalands, háskóla víða um heim og menningarstofnanirnar Alliance Française og Goethe Institut.



TIL HAMINGJU
VIGDÍS!

AFMÆLISHÁTÍÐIR

AFMÆLISHÁTÍÐ TIL HEIÐURS VIGDÍSI FINNBOGADÓTTUR

Hinn 15. apríl 2020 fagnaði Vigdís Finnbogadóttir 90 ára afmæli og í júní sama ár voru 40 ár liðin frá sögulegu forsetakjöri hennar. Af þessu tilefni stóðu Háskóli Íslands, Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, íslensk stjórnvöld og Reykjavíkurborg, í samvinnu við Ríkisútvarpið og Hörpu, ásamt fjölda félagasamtaka og fyrirtækja, fyrir afmælis dagskrá henni til heiðurs. Við það tækifæri voru verðlaun Vigdísar afhent í fyrsta sinn.

Til stóð að halda veglega hátíð í Háskólabíói á afmælisdaginn en úr því gat ekki orðið vegna aðstæðna í samfélaginu og var þess í stað efnt til afmælis dagskrárinnar *Til hamingju Vigdís* sem sýnd var á RÚV að kvöldi afmælis dagsins. Þar komu fram fjölmargir listamenn auk þess sem ráðamenn fluttu Vigdísí kveðju á þessum merku tímamótum.

AUÐARSALUR NEFNDUR Á AUÐARHÁTÍÐ

Fjöldmenni var á Auðarhátíð sem haldin var í tilefni sjötugsafmælis Auðar Hauksdóttur þann 12. júní í Veröld – húsi Vigdísar. Meðlimir háskólakórsins fluttu söngatriði á hátíðinni og gjafir og kveðjur bárust víða að. Erindi héldu Jón Atli Benediktsson rektor Háskóla Íslands, sem tilkynnti að fyrirlestrarsalur Veraldar – húss Vigdísar gengi nú undir nafninu Auðarsalur henni til heiðurs, Guðmundur Hálfðanarson sviðsforseti Hugvísindasviðs, Birna Arnbjörnsdóttir núverandi forstöðumaður Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur, Gísli Magnússon prófessor í dönsku, sem afhenti Auði afmælisrit henni til heiðurs, Þórhildur Oddsdóttir aðjunkt í dönsku, Valgerður Jónasdóttir verkefnastjóri sem afhenti Auði fréttánnál um störf hennar hjá stofnuninni og Háskóla Íslands, og Davíð Þór Jónsson prestur sem talaði fyrir hönd fyrrum nemenda.

Auður Hauksdóttir á að baki glæstan starfsferil við Háskóla Íslands og hefur á síðustu áratugum beitt sér af krafti í þágu tungumálanna og gegnt fjölmörgum trúnaðar- og stjórnunarstörfum, jafnt innan Háskólans sem utan. Það afrek Auðar sem stendur upp úr á ferli hennar er án efa bygging Veraldar – húss Vigdísar sem hún vann ötullega að í áraraðir, auk opunar Alþjóðlegrar miðstöðvar tungumála og menningar sem starfrækt er í húsinu.



Jón Atli Benediktsson og Auður Hauksdóttir

RANNSÓKNIR, SAMSTARFSNET OG ÞRÓUNARVERKEFNI

RANNSÓKNIR OG SAMSTARFSNET

Jón Ólafsson, prófessor í menningarfræði og rússnesku, hlaut öndvegisstyrk til verkefnisins **Lýðræðisleg stjórnarskrágerð: Tekist á um borgarapáttöku, vald stofnana og sameiginleg gæði**, en í því er leitast við að rannsaka þá lærdóma sem draga má af íslenska stjórnarskrárferlinu sem hófst árið 2010.

Pórhallur Eypórsson, prófessor í málvísindum, er verkefnistjóri í rannsóknarverkefninu **Insular Scandinavian Morphology and Morphosyntax** sem stendur yfir árin 2019-21.

Þrjú rannsóknarnet fjölþjóðlegra teyma fræðimanna með áherslu á vestnorræna svæðið eru nú innan vébanda stofnunarinnar.

Auður Hauksdóttir, prófessor emiritus í dönsku, er í forystu fyrir samstarfsnetinu **Sprog- og kulturkontakt i Vestnorden**, þar sem sjónum er beint að tengslum tungumála og menningar á Grænlandi, Íslandi, vesturströnd Noregs og í Færeyjum. Frá SVF eru þátttakendur í netinu þau Birna Arnbjörnsdóttir, Birna Bjarnadóttir, Gísli Magnússon, Guðrún Kvaran, Kristján Árnason, Pernille Folkmann, Pórhallur Eypórsson og Pórhildur Oddsdóttir, en auk þeirra taka þátt fulltrúar háskóla og stofnana á Grænlandi, í Noregi, Danmörku og Færeyjum.

Birna Arnbjörnsdóttir og Auður Hauksdóttir eru í forsvari fyrir verkefninu **Sprogbarometer**. Rannsóknin beinist að sambýli ensku, dönsku og heimamálanna í Færeyjum, Grænlandi og á Íslandi.

Pórhildur Oddsdóttir, aðjunkt í dönsku, leiðir rannsóknina **Birtingarmynd tungumáls og menningar í námsgögnum til tungumálakennslu á Norðurlöndum** sem fulltrúar fjögurra háskóla á Norðurlöndunum koma að. Megintilgangur verkefnisins, sem styrkt er af Nordplus Sprog, er að skoða námsefni ætlað til dönskukennslu á Íslandi, Færeyjum, Grænlandi og í Danmörku, ásamt sænskukennslu í Finnlandi.

Ásdís Rósa Magnúsdóttir, prófessor í frönsku, leiðir **Rannsóknaverkefni um birtingarmyndir syndarinnar** þar sem fjallað er um uppruna syndarinnar og birtingarmyndir hennar í bókmenntum, og **Rannsóknaverkefni um viðtöku og þýðingasögu franskra bókmennta á Íslandi**, allt frá miðöldum til dagsins í dag.

Ingibjörg Ágústsdóttir, dósent í enskum bókmenntum, er í forsvari fyrir **Rannsóknaverkefni um Norðurheimskautssvæðið í skoskum bókmenntum**, þar sem skoskar bókmenntir sem fjalla um Norðurheimskautssvæðið frá nítjándu öld til dagsins í dag eru kortlagðar.

Birna Arnbjörnsdóttir, prófessor í annarsmálsfræðum, er einn af forsvarsmönnum **WILA – Vinnustofu um Erfðarmál í Norður og Suður-Ameríku**. Netverkið heldur ráðstefnur til skiptis í Ameríku og Evrópu og gefur út árlegt ráðstefnurit. Birna er einnig einn af forsvarsmönnum **PRISEAL**, alþjóðlegs samstarfsnets um ritun fræðigreina á ensku.

Sofiya Zahova, rannsóknarsérfræðingur, stýrir alþjóðlega samstarfsnetinu **Roma in the Centre**, þverfaglegu verkefni þar sem fjallað er um menningu, bókmenntir og málefni Rómafólks. Ítarlegur gagnagrunnur um útgáfu á bókmenntum Rómafólks er einnig hluti af rannsóknaverkefninu, ásamt útgáfu bókarinnar *Sunnudagsmatur og fleiri sögur Rómafólks*, sem kom út á árinu.

Þórhallur Eypórsson, prófessor í málvísindum, er þátttakandi í rannsóknarnetinu **Emotive Performativity in Northern Europe** sem stendur yfir árin 2019-2021 og í rannsóknarnetinu **The Oxford History of North Germanic Morphology** á tímabilinu 2018-2023.

ÞRÓUNARVERKEFNI

Auður Hauksdóttir leiðir tvö þróunarverkefni sem beinast að dönskukennslu í Færeyjum, á Grænlandi og Íslandi. Annars vegar námsgagnið **Taleboblen** til þjálfunar dansks talmáls, einkum framburðar, og hins vegar gagnvirka tölvuleikinn **Talerum** til dönskunáms. Auður stýrir einnig verkefninu **Frasar**, sem er danskt-íslenskt máltæki á netinu, hannað með það að leiðarljósi að auðvelda Íslendingum tjáskipti á dönsku, en nýtist einnig Dönnum sem vilja tjá sig á íslensku.

Íslensk-frönsk veforðabók, **LEXIA**, er samstarfsverkefni Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Erlendir samstarfsaðilar eru Sorbonne-háskóli í Frakklandi og Gautaborgarháskóli í Svíþjóð. Verkefnið hófst árið 2015 og stefnt er á að orðabókin verði tilbúin í lok árs 2021. Verkefnisstjóri og ritstjóri franska hlutans er Rósa Elín Davíðsdóttir en hún og Ásdís R. Magnúsdóttir sitja í fagráði verkefnisins fyrir hönd SVF.

Icelandic Online er samstarfsverkefni Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, Hugvísindasviðs og Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Verkefnisstjóri er Birna Arnbjörnsdóttir. Sjö Icelandic Online vefnámskeið í íslensku voru tekin til notkunar á tímabilinu 2004-2013, ætluð til sjálfsnáms í tölvum og snjalltækjum og öllum opin án endurgjalds. Um 200.000 manns víðs vegar um heim hafa skráð sig í námskeiðin, þar af eru um 77.000 virkir notendur. Frá 2019 hefur verið unnið að nýju Icelandic Online námskeiði fyrir börn á aldrinum 5-7 ára. Ritstjórn verkefnisins skipa Birna Arnbjörnsdóttir, Halldóra Þorlákssdóttir, Þorgerður Anna Björnsdóttir, Úlfar Bragason og Branislav Bedi. Árið 2020 var aðferðafræði og tæknihluti Icelandic Online kerfisins nýttur til að þróa tvö vefnámskeið sem ætluð eru sem undirbúningur fyrir háskólanám; þýskt námskeið þar sem Vanessa Isenmann sá um ritstjórn, og franskt námskeið undir ritstjórn Rósu Elínar Davíðsdóttur.



ÚTGÁFA FRÆÐIRITA

Vigdísarstofnun leggur áherslu á útgáfu fræðirita og þýðinga á erlendum bókmenntum og gefur árlega út tímaritið *Milli mála – tímarit um erlend tungumál og menningu*. Tvímála ritröð stofnunarinnar telur nú á annan tug bóka. Hún nýtist nemendum á sviði tungumála, bókmennta og hugvísinda almennt en er einnig ætluð unnendum fagurbókmennta og klassískra verka sem fá með þessu tækifæri til að bera saman textana. Með einmála útgáfu stofnunarinnar er ætlunin að kynna bókmenntir og höfunda sem alla jafna er ekki mikil þekking á hér á landi og fylla með því í eyður í íslenskri þýðingasögu. Leitast er við að þýða úr frummáli og fylgja ítarlegir inngangar flestum verkanna.

MILLI MÁLA – TÍMARIT UM ERLEND TUNGUMÁL OG MENNINGU

Tólfta hefti *Milli mála – Tímarits um erlend tungumál og menningu* kom út ár árinu í opnum aðgangi á síðunni millimala.hi.is. Ritstjórar heftisins voru Geir Þórarinn Þórarinsson og Þórhildur Oddsdóttir. Tímaritið birtir ritrýndar fræðigreinar á sviði erlendra tungumála, þýðinga, málvísinda og menntunarfræði. Einnig hefur skapast hefð fyrir birtingu bókmenntaþýðinga, einkum smásagna og styttri ritverka. Sjö ritrýndar greinar eru í tólfta hefti *Milli mála* á sviði bókmennta, málvísinda, kennslufræði erlendra tungumála, þýðinga og ritunar. Einnig er þar að finna verk átta höfunda sem þýdd hafa verið úr sex tungumálum.

HERNAÐARLIST MEISTARA SUN

Hernaðarlist Meistara Sun er eitt rómaðasta og víðlesnasta fornrit Kínverja. Bein áhrif þess á hernaðartækni Kínverja og þjóðanna í kring í tímanna rás verða vart ofmetin. Þýðing Geirs Sigurðssonar sem hér birtist er fyrsta íslenska þýðingin úr fornkínversku og er frumtextinn birtur við hlið þýðingarinnar. Við þýðinguna eru fjölmargar skýringar og ítarlegur inngangur sem setur ritið í sögulegt samhengi og gerir grein fyrir heimspekinni sem bæði birtist og leynist í textanum.

Bókin er gefin út af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Háskólaútgáfunni og styrkt af Miðstöð íslenskra bókmennta. Ritstjóri er Rebekka Þráinsdóttir.

VIÐ KVIKUNA – ÖRSÖGUR FRÁ RÓMÖNSKU-AMERÍKU

Örsagan á sér langa hefð í álfunni og sýnir bókina gróskuna og fjölbreytileikann sem hún hefur öðlast í meðförum rithöfunda álfunnar. Bókin geymir 156 sögur eftir 49 höfunda Rómönsku-Ameríku frá tímabilinu 1893-2014. Oft er stutt í húmorinn, háðið og fantasíuna og stundum vilja sögurnar bíta og koma við kvikuna.

Bókin er gefin út af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Háskólaútgáfan sér um dreifingu hennar. Kristín Guðrún Jónsdóttir valdi sögurnar, þýddi og skrifaði inngang. Ritstjóri er Ásdís R. Magnúsdóttir.


AFMÆLISRIT TIL AUÐAR HAUKSDÓTTUR SJÖTUGRAR

Afmælisrit Auðar Hauksdóttur, fyrrum prófessors í dönsku og forstöðumanns Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum, kom út í tilefni sjötugsafmælis hennar vorið 2020. Anne Holmen, Birgit Henriksen, Birna Arnbjörnsdóttir, Oddný G. Sverrisdóttir, Þórhildur Oddsdóttir, Peter Juel Henriksen, Erla Erlendsdóttir, Guðmundur Hálfðanarson, Ann-Sofie N. Gremaud, Sofiya Zahova, Birna Bjarnadóttir og Ásdís R. Magnúsdóttir rituðu greinar í ritið sem Gísli Magnússon ritstýrði. Ritið er gefið út af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.

SUNNUDAGSMATUR OG FLEIRI SÖGUR RÓMAFÓLKS

Smásagnasafnið *Sunnudagsmaturl og fleiri sögur Rómafólks* kom út í ritstjórn Sofíu Zahovu, Kristínar Guðrúnar Jónsdóttur og Ásdísar Rósu Magnúsdóttur og hefur að geyma smásögur eftir sex rithöfunda frá 20. og 21. öld: Georgí Tsvetkov, Ilonu Ferková, Jess Smith, Jorge Emilio Nedich, Jovan Nikolić og Matéo Maximoff. Verk þeirra eru fjölbreytileg og samin á ólíkum tungumálum en þeir sækja allir í sama menningarbrunn.

Bókin er gefin út af Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum og Háskólaútgáfunni og styrkt af Miðstöð íslenskra bókmennta og Styrktarsjóði Stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum.



VIÐBURÐIR

FYRIRLESTRARÖÐ

Árið 2020 voru skipulagðir 25 fyrirlestrar og málstofur undir merkjum þriðjudagsfyrirlestraraðar Vigdísarstofnunar, þar sem fræðimenn gera tungumál heimsins að umfjöllunarefni út frá fjölbreyttum sjónarhornum bókmennta, þýðinga og málvísinda. Aðeins tókst að halda sex viðburði af þeim sem höfðu verið á dagskrá fyrirlestraraðarinnar, þar sem seinni hluti vormisseris og allt haustmisseri einkenndust af samkomutakmörkunum. Aðsókn á alla viðburði sem haldnir voru í byrjun ársins var þó afar góð og ljóst að fyrirlestraröðin hefur náð að festa sig vel í sessi meðal almennings.

RÁÐSTEFNUR OG MÁLÞING

Tvær alþjóðlegar ráðstefnur voru á dagskrá Vigdísarstofnunar sumarið 2020, en fresta þurfti báðum vegna Covid-19. Eftirfarandi málþing voru haldin á vormisseri áður en samkomubann var sett á:

Sprog- og kulturkontakt i Vestnorden

Dagana 30.-31. janúar voru haldin samstarfsfundur og ráðstefna samstarfsnetsins Sprog- og kulturkontakt i Vestnorden í Veröld – húsi Vigdísar, þar sem sjónum var beint að tengslum tungumála og menningar í Færeyjum, Grænlandi, Íslandi og á vesturströnd Noregs. Auður Hauksdóttir, prófessor í dönsku skipulagði viðburðina, en aðrir þátttakendur voru frá háskólum og stofnunum í Færeyjum, Danmörku, Grænlandi og Háskóla Íslands.

Mimesis í dönskum bókmenntum og listum

Gísli Magnússon, prófessor í dönsku, stóð fyrir norrænu málþingi um gríska hugtakið „mimesis“ (eftirlíkingu) og notkun þess í tengslum við framsetningu listar og bókmennta á raunveruleikanum. Þátttakendur, auk Gísla, voru fræðimenn úr dönskum háskólum.

Art, Architecture, Education and Communications: on the road to Reconciliation, seeking the indigenous ways

Málþing um listir, arkitektúr, menntun og miðlun á heimskautasvæðum var haldið í tengslum við sýninguna *Inuit Qaujimajatuqangit* í samstarfi við Sendiráð Kanada og EVOQ Arkitekta í Toronto.

ÞÝÐENDAÞING

Vigdísarstofnun ýtti árið 2019 úr vör röð þýðendapinga sem haldin eru bæði við stofnunina og erlendis. Tilgangurinn er að efla þýðingar á íslenskum bókmenntum og styðja og hvetja þá sem þegar fást við þýðingar. Eitt þing var haldið árið 2020, *Milli tákna og stafa: Málþing um þýðingar á milli kínversku og íslensku*, í samstarfi við Konfúsíusarstofnunina Norðurljós og Bandalag þýðenda og túlka.

SAMTAL VIÐ LEIKHÚS

Samtal við leikhús, er röð málfunda og fyrirlestra þar sem atvinnuleikhúsfólk og fræðimenn í erlendum tungumálum koma saman og ræða uppsetningar á leikverkum í sýningu hjá leikhúsunum. Tilgangur raðarinnar er að heiðra Vigdís Finnbogadóttur með viðburðum sem tvínna saman tvö af helstu hugðarefnum hennar, leikhús og tungumál, og skapa vettvang fyrir fræðilega umfjöllun um leiklist og þýddar leikhúsbókmenntir sem höfðar til almennings, auka við faglega menningarumfjöllun á Íslandi og vekja athygli á sýningum leikhúsanna og þýðingum á leikverkum úr erlendum tungumálum. Einn viðburður var haldinn árið 2020, í samstarfi við Borgarleikhúsið, þar sem fjallað var um sýninguna *Vanja frændi*.

VINNUSTOFUR KENNARA

Vigdísarstofnun fór af stað með vinnustofur fyrir kennara árið 2019, í samstarfi við STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi og Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands. Vinnustofurnar, sem fengu strax frá byrjun góðar móttökur, eru hálfsdags námskeið þar sem kynntar eru nýstárlegar aðferðir við tungumálakennslu. Vinnustofurnar eru sérsniðnar að tungumálakennurum, en öllum opnar til þátttöku. Árið vormisseri 2020 var ein vinnustofa haldin af þeim þremur sem settar höfðu verið á dagskrá.

ALÞJÓÐLEGI MÓÐURMÁLSDAGURINN OG EVRÓPSKI TUNGUMÁLA-DAGURINN

Alþjóðlega móðurmálsdegi UNESCO 21. febrúar og Evrópska tungumáladeginum 26. september er fagnað á hverju ári hjá Vigdísarstofnun í samstarfi við STÍL – Samtök tungumálakennara á Íslandi. Stórum hópi nemenda úr Landakotsskóla í Reykjavík og Álfhólsskóla í Kópavogi var boðið í Veröld þann 21. febrúar, þar sem búið var til tungumálatré með laufblöðum sem skreytt voru orðum fjölmargra tungumála. Vegna samkomubanns á síðari hluta árs var haldið upp á Evrópska tungumáladaginn með óhefðbundnum hætti. Dagurinn var tileinkaður tungumálum Rómafólks og kennurum allra 8.-10. bekkja í grunnskólum landsins sent námsefni til notkunar í kennslu. Þar var að finna almenna kynningu á sögu og menningu Rómafólks, ásamt tónbroti og upplestri á frumtextum og þýðingum smásagna til að kynna sérkenni tungumála þeirra fyrir nemendum.

CAFÉ LINGUA

Café Lingua – lifandi tungumál er samstarfsverkefni Borgarbókasafnsins og Vigdísarstofnunar. Eitt af markmiðunum er að virkja þau tungumál sem hafa ratað til Íslands með fólki hvaðanæva að og auðgað mannlíf og menningu. Café Lingua er gátt inn í mismunandi tungumála- og menningarheima og tilvalinn vettvangur fyrir þá sem vilja spreyta sig á hinum ýmsu tungumálum og efla með því kunnáttu sína. Árið 2020 stóð Vigdísarstofnun fyrir fjórum Café Lingua viðburðum, þar af var einn helgaður táknmáli á degi íslenska táknmálsins.

BÍÓDAGAR Í VERÖLD

Bíódagar í Veröld eru reglulegar kvikmyndasýningar sem kennarar í Mála- og menningardeild Háskóla Íslands standa fyrir sem hluta af námskeiðum í erlendum tungumálum, en eru opnar almenningi. Að öllu jöfnu er um að ræða kvikmyndir sem ekki eru teknar til sýninga í sjónvarpi eða kvikmyndahúsum hérlendis en þjálfá hlustun og skilning í þeim tungumálum sem kennd eru við Mála- og menningardeild eða tengjast fjölmennningarlegum áherslum Vigdísarstofnunar. Árið 2020 var alls boðið upp á 14 kvikmyndasýningar á kvikmyndum frá Síle, Ítalíu, Þýskalandi, Póllandi, Spáni og Malí. Samstarf um kvikmyndasýningar var haft við Goethe-stofnunina, Tungumálamiðstöð Háskóla Íslands og Alliance Française í Reykjavík.

JAPANSHÁTÍÐ

Japanshátíð í samvinnu Sendiráðs Japans og nemenda og kennara í japönsku við Háskóla Íslands hefur verið haldin árlega í Veröld – húsi Vigdísar frá opnun hússins og notið mikilla vinsælda. Gestir á öllum aldri fjölmenntu á hátíðina að þessu sinni, en sushikennsla, fyrirlestur um júdóíþróttina og þjóðbúningamátun og japönsk skrautskrift voru meðal þess sem stóð gestum til boða. Einn af hápunktum hátíðarinnar var magnaður trommuleikur á hefðbundnar japanskar Taiko-trommur, í flutningi sveitarinnar Munedaiko sem kom frá Ítalíu til að taka þátt í hátíðinni. Gott félagslíf og samheldni hefur einkennt námsbraut í japönsku frá upphafi, en öll vinna við Japanshátíðina er unnin í sjálfboðavinnu nemenda og kennara deildarinnar.

GESTAFYRIRLESARAR

Fjöldi alþjóðlegra gestafyrirlesara frá erlendum háskólum heldur árlega fyrirlestra í Veröld – húsi Vigdísar. Árið 2020 héldu gestafræðimenn frá háskólum á Ítalíu, Bandaríkjunum, Póllandi, Litháen, Eistlandi, Kólumbíu og Finnlandi alls níu fyrirlestra auk þess sem kennarar frá Tungumálaháskóla Bakú í Azerbajjan buðu upp á örnámskeið í asersku, í samstarfi við Mið-Austurlandafræði við Háskóla Íslands.



Vinnuteikning af sýningunni *Mál í mótun*



Sýning á verkum Þorvaldar Skúlasonar

SÝNINGAHALD

MÁL Í MÓTUN

Unnið var allt árið 2020 að gerð sýningarinnar *Mál í mótun*, gagnvirkar margmiðlunarsýningar sem verður opnuð í sýningarsal Veraldar - húss Vigdísar árið 2021. Um er að ræða varanlega sýningu sem ætluð er til fræðslu og vitundarvakningar um tungumál heims í víðri merkingu. Sýningin er unnin í samstarfi við margmiðlunarfyrirtækið Gagarín og arkitektastofuna Andrúm, en Barnamenningarsjóður og Nýsköpunarsjóður námsmanna veittu styrki til hennar á árinu. Aðalmarkhópur sýningarinnar eru ungmenni á aldrinum 12-19 ára og stefnt er að reglulegum heimsóknum fyrir þennan aldurshóp þar sem háskólastúdentar í erlendum tungumálum og málvísindum munu sjá um fræðslu.

SÝNING Á VERKUM ÞORVALDAR SKÚLASONAR

Í Veröld – húsi Vigdísar opnaði glæsileg myndlistarsýning á abstraktverkum Þorvaldar Skúlasonar þann 13. mars og stóð til ársloka 2020. Sýningin var hluti af sýningunni *List – Míla*, sem efnt var til í tilefni 40 ára afmælis Listasafns Háskóla Íslands. Verkin sem sýnd voru í Veröld spanna allan feril Þorvaldar Skúlasonar, frá árinu 1923 til dauðadags árið 1984. Sýningarstjórar voru Kristján Steingrímur Jónsson, forstöðumaður Listasafns Háskóla Íslands, og Æsa Sigurjónsdóttir, listfræðingur og dósent við Háskóla Íslands.

INUIT QAUJIMAJATUQANGIT: LIST, ARKITEKTÚR OG HEFÐBUNDIN ÞEKING

Sýningin *Inuit Qaujimajatuqangit: List, arkitektúr og hefðbundin þekking* er afrakstur samkeppni sem haldin var meðal Inúíta á Inuit Nunangat svæði Kanada, um listskreytingar fyrir Kanadísku Norðurslóðarannsóknarmiðstöðina í Ikaluktutiak. Sýningin samanstendur af fimmtíu verkum sem valin voru af innsendum tillögum og er ætlað að varpa ljósi á samband hefðbundinnar þekkingar Inúíta við tækni og vísindi heimsins í dag. Sýningin var haldin í Veröld – húsi Vigdísar dagana 6.-31. janúar, í samstarfi við Sendiráð Kanada á Íslandi.



Jonhard Mikkelsen

VIGDÍSARVERÐLAUN


Færeyski málvísindamaðurinn, kennarinn og útgefandinn Jonhard Mikkelsen hlaut fyrstu alþjóðlegu menningarverðlaunin sem kennd eru við Vigdísí Finnbogadóttur. Verðlaunin voru veitt þann 15. apríl 2020, á afmæli Vigdísar.

Íslensk stjórnvöld, Háskóli Íslands og Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum efndu til verðlaunanna í tilefni af stórafmæli Vigdísar og þess að liðin voru 40 ár frá sögulegu forsetakjöri hennar. Verðlaunin verða veitt árlega einstaklingi sem brotið hefur blað með störfum sínum í þágu menningar og þá einkum tungumála.

Fyrsti handafi verðlaunanna, Jonhard Mikkelsen, hlaut þau fyrir einstakt framlag sitt til að efla og þróa færeyska tungu. Jonhard er fæddur í Vestmanna árið 1953 og nam ensku við Árósháskóla og færeysku við Fróðskaparsetur Færeyja. Hann hefur kennt færeysku á mennta- og háskólastigi, haft með höndum námsstjórn í færeysku fyrir framhaldsskóla, átt sæti í Málráði Færeyja og tekið þátt í blaðaútgáfu. Árið 1993 stofnaði Jonhard forlagið Sprotan og hefur frá árinu 2016 helgað því krafta sína með útgáfu kennslubóka, fræðsluefnis og þýddra skáldverka. Þá hefur Jonhard unnið að gerð orðabóka milli færeysku, ensku og dönsku og stuðlað að þróun og gerð fjölda rafrænna tvímála orðabóka, nú síðast milli færeysku og grænlenksku. Frábærlega hefur tekist til með að aðlaga orðabækurnar og notkun þeirra að nýjustu tækni. Á vefsvæði Sprotans er nú að finna 20 veforðabækur í opnum aðgangi sem hafa gerbreytt aðgengi útlendinga að færeysku og færeyskra málnotenda að erlendum tungum.

Með störfum sínum hefur Jonhard Mikkelsen lagt drjúgan skerf til að styrkja færeyska tungu og festa hana í sessi sem lifandi tungumál á tímum alþjóðavæðingar.

Benedikt Jónsson sendiherra, aðalræðismaður Íslendinga í Færeyjum, afhenti Jonhard Mikkelsen fyrstu Vigdísarverðlaunin með þökkum fyrir einstakt framlag hans í þágu tungumálanna. Með því hefur hann stuðlað að fjölbreytni tungumála og menningar, en það er einmitt kjarninn í þeim boðskap sem Vigdís hefur haldið á lofti sem velgjörðarsendiherra tungumála hjá UNESCO.



ÞAKKIR

Stjórn og starfsfólk Vigdísarstofnunar kann Vigdísi Finnbogadóttur nú sem fyrr sínar bestu þakkir fyrir dýrmætan stuðning, samstarf og framlag til stofnunarinnar. Allir styrkir sem fengist hafa til starfseminnar skipta Stofnunina og Miðstöðina gríðarlega miklu máli. Vigdísarstofnun þakkar öllum sem styrkt hafa starfsemi stofnunarinnar árið 2020: Miðstöð íslenskra bókmennta, Styrktarsjóði Vigdísar Finnbogadóttur, Hugvísindastofnun og ekki síst íslenska ríkinu fyrir ómetanlegan stuðning við starfsemi Alþjóðlegu miðstöðvarinnar.

Fyrrverandi forstöðumanni og stjórnarformanni stofnunarinnar, Auði Hauksdóttur, er sömuleiðis þakkað fyrir hennar mikilsverða framlag til stofnunarinnar allt frá upphafi.

Þá eru stjórnnum, starfsfólki og rektor Háskóla Íslands, Jóni Atla Benediktssyni, þakkað fyrir ánægjulegt samstarf. Það sama gildir um forseta Hugvísindasviðs, Guðmund Hálfðanarson, starfsfólk á skrifstofu sviðsins og Guðmund Ragnar Jónsson, framkvæmdastjóra sameiginlegrar stjórnarsýslu.

Að lokum vilja stjórnir og starfsfólk Vigdísarstofnunar koma á framfæri þökkum til allra samstarfsmanna og velunnara fyrir margvíslegan stuðning við starfsemi stofnunarinnar.

VIGDÍSTARSTOFNUN

ÁRSSKÝRSLA 2020

© Vigdísarstofnun 2021

Brynjólfsgötu 1, 107 Reykjavík

<https://vigdis.hi.is>

<https://www.facebook.com/stofnunvf>

Ársskýrsla

Ásdís Rósa Magnúsdóttir

Halldóra Jóhanna Þorlákssdóttir

Myndir

Forsíðumynd: Ari Magg

Aðrar myndir: andrúm arkitektar, Halldóra Jóhanna Þorlákssdóttir, Kristinn Ingvarsson, Rán Flygenring, Valgerður Jónassdóttir og Þorgerður Anna Þjórnssdóttir



Vigdís International Centre
under the auspices of UNESCO



HÁSKÓLI ÍSLANDS